



Borgarráð

Leikskólinn Laugasól – Brúum bilið - Fjölgun leikskólaplássa, viðhald og endurbætur.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við stækkun, viðhald og endurbætur á leikskólanum Laugasól, Leirulæk 6.

Kostnaðaráætlun 2 vegna stækkunar er 500 m.kr.

Kostnaðaráætlun 2 vegna viðhalds og endurbóta húss og lóðar er 250 m.kr.

Gert er ráð fyrir að allt að 50 ný leikskólapláss verði tilbúin í lok árs 2022. Áætlað er að viðhaldsframkvæmdum og endurbótum á húsi og lóð verði að fullu lokið í ágúst 2023.

Greinargerð:

Um er að ræða fjölgun leikskólaplássa um 46-50 á tveimur nýjum deildum á neðri hæð hússins. Í dag eru 4 deildir í húsnæðinu með pláss fyrir um 95 börn. Eftir breytingar verður húsnæðið fyrir samtals um 145 börn á 6 deildum. Gert er ráð fyrir 10-12 nýjum stöðugildum við leikskólann í kjölfar stækkunar

Endurbætur og viðhald miða að því að uppræta rakaskemmdir og því að mæta kröfum um aðgengismál, loftgæði, lýsingu, hljóðvist o.fl. Þá verður hluti lóðar endurnýjaður.

Kostnaðaráætlun 2 vegna stækkunar: 500 m.kr.

Kostnaðaráætlun 2 vegna viðhalds og endurbóta húss og lóðar: 250 m.kr.

Kostnaðarstaður: 1106

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmdir og viðhald

Hjálagt:
Kynning

Leikskólinn Laugasól

Viðhald og breytingar á Leirulæk 6 – fjölgun leikskólaplássna



UMHVERFIS- OG
SKIPULAGSSVIÐ

LÝSING Á FRAMKVÆMD

Framkvæmdin felur í sér viðhald og breytingar á núverandi leikskólahúsnæði og lóð að Leirulæk 6 vegna rakaskemmda í kjallara og almennri viðhaldspörf.


HELSTU VERKÞÆTTIR:

- VIÐHALD OG BREYTINGAR Á HÚSNÆÐI
 - Uppræta rakavandamál og auka um leið nýtingu húsnæðis. Eftir breytingar skapast m.a. rými fyrir 2 nýjar deildir auk góðrar starfsmannaaðstöðu. Nútímavæðing húsnæðis frá 1965. Aðgengismál og innivist stórbætt.
- BREYTINGAR Á LÓÐ OG AÐKOMU
 - Lóð aðlöguð að breytttri notkun húsnæðis og fjölgun barna.

STÆKKUN LEIKSKÓLA

Kjallari

- Í dag eru 4 deildir í húsnæðinu með pláss fyrir um 95 börn.
- Eftir breytingar verður pláss fyrir allt að 145 börn á 6 deildum.



KOSTNAÐUR OG VERKTÍMI

Kostnaðaráætlun II

Kostnaðaráætlun II vegna stækkunar auk viðhalds og endurbóta á húsi og lóð er 750 m.kr. (með 15% óvissu).

Gert er ráð fyrir um 500 milljónum árið 2022 í framkvæmdakostnað og 250 milljónum árið 2023.

Verktími

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir í mars 2022. Áætluð verklok v. fjölgun plássá er árslok 2022. Áætluð verklok viðhalds og endurbóta eru í ágúst 2023.

STEFNA OG MARKMIÐ

Framkvæmdin er hluti af verkefnum *Brúum bilið* (500 m.kr.)
og *viðhaldsátaki skólahúsnæðis* (250 m.kr.)



TAKK
FYRIR